

Fundur í hverfisráði Raufarhafnar haldin 25. febrúar 2020 kl 10:00

Mættir voru Ingibjörg Hanna Sigurðardóttir, Bergdís Jóhannsdóttir og Elva Björk Óskarsdóttir. Nanna Höskuldsdóttir ritaði fundargerð.

1. Málefni sundlaugar.

Eftir íbúafund og vinnufund með sveitastjórn í janúar sendi Hverfisráð inn erindi til Fjölskylduráðs vegna málefna íþróttahúss og sundlaugarinnar.

Áskorun íbúa var ítrekuð um að vetrarlokun sundlaugarinnar verði endurskoðuð í samráði við íbúa og hverfisráð. Hverfisráð f.h. íbúa lagði til að opið yrði 2-3 daga í viku yfir vetrartímamann í sundlaugina og gufuna og að lykklakerfið verði hugsuð sem viðbót við þjónustuna utan þess opnunartíma.

Erindið var tekið fyrir á fundi Fjölskylduráðs 24. Febrúar og bókað:

Fjölskylduráð fjallaði um áskorun frá íbúum Raufarhafnar vegna vetrarlokunar sundlaugarinnar á Raufarhöfn.

Sundlaugin verður lokuð febrúar, mars og apríl í samræmi við fjárhagsáætlun 2020 og vegna viðhaldsvinnu sem stendur yfir og áætlað er að ljúki í lok apríl.

Ráðið samþykkir að sundlaugin verði opin yfir páskana í 3 daga, þ.e. Skírdag, laugardag fyrir páskadag og annan í páskum. Opið verður þessa daga frá kl. 14:00 - 17:00.

Ráðið samþykkir að sumaropnun verði í byrjun maí í stað byrjun júní eins og áður hafði verið ákveðið. Sundlaugin verður opin yfir sumarið, virka daga frá kl. 16:30-19:30 og um helgar frá kl. 14:00-17:00. Ráðið óskar eftir umsögn Hverfisráðs Raufarhafnar um sumaropnun sundlaugarinnar.

Hverfisráðs óskar eftir svari við öllum af eftirfarandi tillögum:

- Hverfisráð vonast til að framkvæmdir gangi hratt og vel og að sundlaugin verði opnað um leið og verkinu líkur í mars / apríl í síðasta lagi strax eftir páska.
- Hverfisráð leggur til að fram að þeim tíma er sundlaugin opnar verði opið í gufuna tvisvar til þrisvar í viku í samráði við þann starfsmann sem vinnur í húsinu í dag, með því að hlýst ekki neinn auka kostnaður.
- Hverfisráð vill hafa lengri opnunartíma yfir sumartímamann og leggur til eftirfarandi opnun alla daga til loka september 8:00-10:00 og aftur frá 14:00-19:30

Hverfisráð ítrekar nauðsyn þess að hafa sundlaugina og gufuna opna yfir vetrartímamann strax í október 2020 og eftirleiðis 3-4 daga í viku eins og lagt var til í fyrra erindi.

2. Tækjakaup í heilsurækt.

UMF Austri sendi inn erindi til Fjölskylduráðs vegna kaupa á tækjum í íþróttamiðstöðina á Raufarhafnar þar sem óskað er eftir því við Norðurþing að leggja fram framlag á móti framlagi Austra.

Ráðið gerir ekki ráð fyrir fjármagni í tækjakaup í fjárhagsáætlun fyrir árið 2020 og hafnar fjölskylduráð því erindinu, en vísar málinu til skipulags- og framkvæmdaráðs um hvort eignarsjóður sjái sér fært um að leggja til málsins 550.000 kr.

Hverfisráð þakkar Austra fyrir rausnarlegt erindi og vonast til að eignarsjóður taki vel í erindið en óska jafnframt að upphæðin verði hærrí eins og erindi Austra hljóðaði uppá.

3. Á fundi Fjölskylduráðs 10 febrúar síðastliðin var eftirfarandi bókað:
Fjölskylduráð fjallaði um skýrslu HSP og sérstaklega um aðgengi allra barna að íþróttastarfi á starfsvæði HSP. Ráðið hvetur öll hverfisráð í Norðurþingi að taka málið upp í samræðum við íbúa og nærliggjandi íþróttafélög. Ráðið telur mikilvægt að frumkvæði komi frá nærsamfélaginu og óskar eftir hugmyndum um hvernig bæta megi aðgengi allra barna til íþróttaiðkunar.
Hverfisráð leggur til að samstarfssamningur Norðurþings við Austra verði endurnýjaður en hann rann út um síðustu áramót.
Austri hefur auglýst reglulega eftir þjálfurum, en ekki hafa verið fastar æfingar síðan síðast liðið sumar.
Vinna við að finna þjálfara fyrir komandi sumar í í vinnslu. Félagið hefur greitt ferðakostnað fyrir börn sem sækja æfingar fjarri heimabyggð og greitt fyrir námskeið. Auk þess hefur Austri haldið fjölskyldudag / 17. júní hátíð og séð um kvennahlaupið árlega.
Hverfisráð hvetur íbúa á Raufarhöfn að taka virkan þátt í starfi Austra, mæta á aðalfund félagsins nú í vor og hvetur þá sem haga áhuga á að starfa með félaginu að hafa samband.

4. Á fundi skipulags- og framkvæmdaráðs Norðurþings þann 11. Febrúarvar eftirfarandi bókað: *Sorpmóttaka Raufarhöfn Fyrir skipulags- og framkvæmdaráði liggja málefni sorpmóttöku á Raufarhöfn. Sorpmóttaka á Raufarhöfn er staðsett við Sjávarbraut á Raufarhöfn þar sem áður var síldarþró SR, en aðgengi að svæðinu hefur verið óheft frá því það var tekið í notkun fyrir u.þ.b. tveimur árum síðan. Fyrir liggur að stýra þurfi aðgengi að sorpmóttökunni og manna svæðið á opnunartíma í þeim tilgangi að bæta umgengni og skráningu sorps við losun, en gerð er krafa um upprunaskráningu við reglubundin skýrsluskil til Umhverfisstofnunar. Upprunaskráning nær að mestu til fyrirtækja en fram að þessu hafa fyrirtæki einnig haft frjálstan aðgang að móttökunni. Ekki er gert ráð fyrir að gjaldskylda losun né taka upp klippikort og ekki verður ráðið starfsfólk til þess að sinna sorpmóttöku á Raufarhöfn. Opnunartími hefur verið auglýstur 13:00-17:00 alla þriðjudaga og verður honum stýrt úr Þjónustumiðstöð á Raufarhöfn. Fyrirhugaður opnunartími mun verða endurmetinn út frá reynslu ef þurfa þykir. Skipulags- og framkvæmdaráð vísar umfjöllun um opnunartíma sorpmóttöku á Raufarhöfn til hverfisráðs Raufarhafnar til umsagnar.*

Stefán Haukur eigandi Sels ehf kom á fundinn og fór yfir stöðuna með ráðinu, Hverfisráð þakkar Stefáni fyrir komuna.

Síðan flokkun hófst hefur umfang heimilissorps minnkað mikið, og er það ánægjulegt

Hverfisráð álitur það ekki rétt að mismuna íbúum á svæðinu austan Húsavíkur. Þ.e að loka gámasvæðinu á Raufarhöfn en hafa opið á Kópaskeri, Öxarfirði og Kelduhverfi. Því leggur hverfiráð til að planið verði opið alla daga en læst yfir nóttina. Til að byrja með væri hægt að hafa starfsmann í klukkutíma daglega 4 daga vikunnar í nokkrar vikur til að leiðbeina fólki að flokka rétt í gámana. Formaður hverfisráðs hefur rætt þessa hugmynd við Þjónustumiðstöð Raufarhafnar og hugmyndirnar ræddar.

Verði þetta ekki samþykkt leggur hverfisráð til kost B sem væri þá að hafa opið 3-4 sinnum í viku seinnipart dags virka daga og eftir hádegi á laugardegi eða sunnudegi.

Hverfisráð tekur undir það að alltaf má gera betur varðandi umgengni á gámasvæðinu og leggur til að merkingar verði bættar verulega á svæðinu á ýmsum tungumálum. Það að hafa starfsmann á svæðinu nokkur skipti til að leiðbeina getur gert heilmikið, það er mat hverfisráðs að vandamálið sé einna helst upplýsingarskortur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:45

B.L.J

Ingridur

Elva Björk